



Reglur um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannaðstoðar

sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002

1. gr.

Barnaverndarþjónusta Suðurnesjabæjar veitir aðilum máls fjárstyrk til greiðslu lögmannaðstoðar í samræmi við 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Veittur er fjárstyrkur til greiðslu lögmannaðstoðar áður en úrskurður er kveðinn upp í barnaverndarmáli.

2. gr.

Viðmið um greiðslu fjárstyrks eru eftirfarandi.

Umdæmisráð

Viðmið gera ráð fyrir að í þeim felist undirbúningur fyrir fund umdæmisráðs með skjólstæðingi, mæting á fund, ritun greinargerðar sem skilað er til umdæmisráðs og kynning á niðurstöðum úrskurðar fyrir skjólstæðingi.

Eðli máls	Tímafjöldi, klst.
Forsjársvipting	12-15
Vistun utan heimilis	8-12
Umgengni í tímabundinni vistun eða vegna vistunar í varanlegu fóstri en umgengni lýtur að tímabili sem er skemmri en 12 mánuðir	5-8
Umgengni í varanlegu fóstri til 12 mánaða	8-12

Úrskurðarnefnd velferðarmála

Viðmiðin gera ráð fyrir að gerð kæru, samskiptum við úrskurðarnefnd og barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar og kynningu á úrskurði fyrir skjólstæðingi.

Eðli máls	Tímafjöldi, klst.
Umgengni í tímabundinni vistun eða vegna vistunar í varanlegu fóstri en umgengni lýtur að tímabili sem er skemmri en 12 mánuðir	5-7
Umgengni í varanlegu fóstri til 12 mánaða	7-10

Hámarkstímagjald tekur mið af tímagjaldi samkvæmt leiðbeinandi reglum Dómstólasýslunnar um málsvarnarlaun eða þóknun til verjenda og þóknun til réttagæslumanna o.fl.



Fjárhæð styrks skv. fyrrgreindu skal að öðru leyti metin með hliðsjón af eðli og umfangi málsins.

Ekki er veittur styrkur vegna viðveru lögmanns á fundum með starfsmönnum barnaverndar Suðurnesjabæjar nema sérstaklega hafi verið óskað eftir viðveru lögmanns af hálfu starfsmanns. Ekki er veittur styrkur vegna ferðatíma lögmanns. Þó er heimilt að greiða aksturskostnað vegna nauðsynlegrar mætingar lögmanns á fund umdæmisráðs eða barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar ef lögmaður hefur starfsstöð utan Suðurnesja. Aksturskostnaður greiðist samkvæmt gildandi akstursgjaldi ríkisstarfsmanna fyrir ekna leið fram og til baka, þó að hámarki fyrir 100 km vegna hverrar ferðar. Ekki er greitt tímagjald fyrir þann tíma sem fer í akstur. Þá er ekki veittur styrkur vegna samskipta aðila við lögmann, önnur en nauðsynleg eru í tengslum við málsmeðferð fyrir umdæmisráð og úrskurðarnefnd, nema að starfsmaður hafi sérstaklega óskað eftir að lögmaður taki þátt í samskiptum.

3. gr.

Almennt er ekki veittur fjárstyrkur til aðila sem er með árstekjur meira en 8 milljónir kr. Sé viðkomandi í hjúskap eða sambúð skal miða við samanlagðar árstekjur upp á 12 milljónir kr.

Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um efnahag umsækjanda, s.s. staðfest afrit síðasta skattframtals, afrit af álagningarseðli, yfirlit yfir tekjur umsækjanda og önnur þau gögn er barnaverndarþjónustan kann að kalla eftir.

4. gr.

Fjárstyrkur til greiðslu lögmannaðstoðar er háður því skilyrði að lögmaður hafi leyfi til að flytja mál fyrir héraðsdóm, Landsrétt eða Hæstarétt Íslands, sbr. lög nr. 77/1998 um lögmenn.

5. gr.

Teymisstjóri barnaverndarþjónustunnar og/eða sviðsstjóri velferðarsviðs afgreiðir umsóknir um fjárstyrk til greiðslu lögmannaðstoðar á fundum barnaverndarþjónustu skv. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Beiðni um fjárstyrk skal fylgja tímaskýrsla lögmanns og skal hún send á barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar, t.a.m. með tölvupósti á afgreidsla@sudurnesjabaer.is

6. gr.



SUÐURNESJABÆR

Reglur þessar skulu kynntar aðilum máls ef málefni þeirra sæta meðferð barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar / umdæmisráðs og þeim lögmönnum sem taka að sér að aðstoða þá, sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

7. gr.

Reglur þessar voru samþykktar í fjölskyldu- og velferðarráði Suðurnesjabæjar þann 20.08.2026 og staðfestar í bæjarstjórn þann X og staðfestar í bæjarstjórn 02.09.2026.